

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 152/1997. **Árni Björn Birgisson**

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

gegn

Akta ehf.

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Lausafjárkaup. Ógilt loforð. Lánssamningur. Samningsskilmálar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, á ágreiningur málsaðila rætur að rekja til þess, að áfrýjandi fékk lánuð tvö austurlensk teppi úr verslun stefnda 1. mars 1996. Undirritaði hann þá sérstaka yfirlýsingu, þar sem segir, að lántakandi hafi fengið vörur að láni og lánstími sé þrír dagar. Fyrirsögn á skjalinu er Heimlán, en til hliðar við hana er sérstaklega innrammaður texti, sem hljóðar svo: „ATHUGIÐ: 12 dögum eftir heimlán eru komin á viðskipti án afsláttar“.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína meðal annars á því, að áletrun þessi hafi ekki verið á heimlánsseðlinum, er hann undirritaði hann. Fyrir dómi bar hann, að áletrunin væri ekki hluti af hinum prentaða texta, heldur stimpluð á seðilinn, og hlyti henni að hafa verið bætt á hann eftir á.

Við skoðun á frumriti heimlánsseðilsins má glögg sjá, að áður-nefndur texti innan ramma er hluti hins prentaða máls, en er ekki stimplaður á seðilinn. Sú varnarástæða áfrýjanda, að umræddri áritun hafi verið bætt á seðilinn eftir undirritun hans, er því haldlaus.

II.

Aðilum ber ekki saman um, hvenær áfrýjandi skilaði teppunum, sem hann fékk að láni. Óumdeilt er þó, að þeim var ekki skilað

báðum í senn. Stefnandi heldur því fram, að annað hafi verið afhent sér 28. mars 1996, það er sama dag og áfrýjandi tók við bréfi frá stefnda, sem dagsett er þann dag, en hitt um viku síðar. Áfrýjandi staðhæfir hins vegar, að teppunum hafi verið skilað 12. og 13. mars 1996.

Meðal gagna málsins er áður nefnt bréf stefnda til áfrýjanda 28. mars 1996. Er þar vísað til samtala við hann 12. og 26. sama mánaðar og ítrekaðra skilaboða til hans. Því er síðan lýst yfir, að teppin hafi verið í vörslum áfrýjanda í meira en tólf daga fram yfir heimlánstímann. Þar með sé litið svo á, að komin séu á kaup án afsláttar. Er áfrýjandi loks hvattur til að gera upp skuldina eða semja um greiðslu innan tveggja daga, en ella verði leitað til lögfræðings um innheimtu hennar.

Áfrýjandi viðurkennir, að sér hafi borist bréfið, og ber aðilum saman um, að það hafi verið boðsent honum. Hins vegar heldur áfrýjandi því fram, að hann hefði þegar skilað báðum teppunum, er bréfið barst. Það hafi því verið fyrir 12. mars 1996, sem hann fékk bréfið, þótt hann geti ekki tjáð sig nánar um tímasetninguna. Viðbrögð sín hafi verið að fara rakleitt með bréfið til baka á starfsstöð stefnda, þar sem hann hafi lagt það á borð og farið út.

Í skýrslu sinni fyrir dómi viðurkenndi áfrýjandi að hafa talað við forráðamann stefnda 7. og 11. mars 1996, en kaus að geta ekki nánar um efni þeirra samtala. Hann kannast við að hafa tekið við bréfinu og að það hafi verið boðsent sér. Að öðru leyti er framburður hans um samskipti málsaðila og skil á teppunum mótsagnakenndur og ótrúverðugur. Ekkert er hins vegar fram komið, sem gerir bréf stefnda til áfrýjanda 28. mars 1996 tortryggilegt. Eins og málið liggur fyrir, verður lagt til grundvallar dómi, að áfrýjandi hafi skilað öðru teppinu þann dag og hinu um viku síðar, svo sem stefndi heldur fram.

III.

Í málsvörn áfrýjanda er því haldið fram, að hvað sem öðru líði, verði hann ekki talinn bundinn af þeim skilmála í heimlánsseðlinum, sem áður getur. Vísar hann um það til 32. gr., 33. gr., 36. gr., 36. gr. a, 36. gr. b og 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. lög nr. 11/1986 og lög nr. 14/1995. Er því

meðal annars haldið fram, að ákvæðið sé sett einhliða og hafi ekki verið kynnt áfrýjanda sérstaklega. Auk þess sé það ósanngjarnt og andstætt viðskiptavenjum.

Það ákvæði í heimlánsseðlinum, sem hér reynir á, er sett upp með áberandi hætti við hlið fyrirsagnar hans. Á það ekki að fara fram hjá þeim, sem undirritar seðilinn. Samningurinn um heimlán teppanna veitti áfrýjanda rúman tíma til að gera upp við sig, hvort hann keypti þau, og um leið svigrúm til að skila þeim, ef hann kysi svo. Lánið var án endurgjalds eða skuldbindinga, svo fremi að fresturinn yrði virtur. Þegar áfrýjandi loks skilaði teppunum, var komið langt fram yfir umsaminn lánstíma. Þá hefur áfrýjandi ekki stutt þá staðhæfingu sína neinum gögnum, að skilmálar stefnda séu andstæðir samningsskilmálum, sem almennt eru notaðir í viðskiptum sem þessum. Þegar allt framangreint er virt, verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að hann sé óbundinn af kaupunum vegna þeirra ákvæða, sem hann vísar til í III. kafla laga nr. 7/1936.

Samkvæmt öllu framangreindu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Skal áfrýjandi greiða stefnda málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Árni Björn Birgisson, greiði stefnda, Akta ehf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar, var höfðað með stefnu, birtri 20. júní 1996.

Stefnandi er Akta ehf., kt. 691287-1499, Suðurlandsbraut 46, Reykjavík.

Stefndi er Árni Björn Birgisson, kt. 300548-3699, Fornhaga 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 217.106 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. 3. 1996 til greiðsludags gegn afhendingu stefnanda á teppi af tegundinni Pakistan Bl., 147×233 cm, vörunr. 10061, og teppi af tegundinni Pakistan Bl., 175×249 cm, vörunr. 10060. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. 3. 1997, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti skv. málskostnaðarreikningi.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi rekur teppaverslunina Persú, Suðurlandsbraut 46, Reykjavík. Hinn 1. mars 1996 fékk stefndi lánuð tvö teppi heim til sín, en teppi þessi hafði hann valið í versluninni. Stefndi skrifaði undir sérstaka yfirlýsingu, sem notuð er við slík heimlán. Þar kemur fram, að tólf dögum eftir heimlán séu komin á viðskipti án afsláttar.

Stefndi skilaði teppunum aftur og kvaðst ekki ætla að kaupa þau. Í málinu er ágreiningur um, hvort kaup hafi komist á milli aðila.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Krafa um dráttarvexti styðst við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og um varnarþing við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi kveðst vera vel kunnugur Sigurði Geirssyni, forsvarsmanni stefnanda, og hafi Sigurður oft boðið stefnda að fá teppi að láni og jafnframt hvatt hann til að kaupa teppi af stefnanda. Stefndi hafi farið ásamt Hilmarí Sigurðssyni á fund með Sigurði 1. mars 1996, þar sem stefndi ritaði undir viðurkenningu um að hafa fengið teppin að láni. Stefndi heldur því fram, að í þeirri viðurkenningu hafi hvorki verið kveðið á um þriggja daga láns tíma né að tólf dögum eftir heimlán væru komin á viðskipti milli aðila. Forsvarsmaður stefnda hafi ekki heldur gert stefnda grein fyrir, að þessir skilmálar giltu í verslun sinni.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi ekki skilað teppunum innan tólf daga, frá því að hann fékk þau að láni. Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi tekið við teppunum án nokkurra athugasemda um, að þeim væri of seint skilað og kaup teldust komin á. Stefnanda hafi borið að tilkynna

stefnda um það við viðtöku þeirra, neita viðtöku og jafnframt gera stefnda reikning vegna teppanna.

Stefndi telur, að áritun um, að bindandi samningur væri kominn á eftir tólf daga, hafi verið gerð, eftir að stefndi ritaði undir það blað. Stefndi telur, að áritun sé gerð með stimpli, en sé ekki hluti af prentuðum texta.

Þá telur stefndi, að enda þótt talið yrði, að fyrrgreind áritun um, að kaup væru komin á, ef teppunum væri ekki skilað innan tólf daga, hefði verið á blaði um heimlán, þegar stefndi ritaði undir það blað, og að talið yrði, að stefndi hefði skilað teppunum eftir þann tíma, beri samt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda með vísan til 32. gr., 33. gr., 36. gr., 36. gr. a, 36. gr. b, 36. gr. c laga nr. 7/1936 ásamt síðari breytingum. Þá telur stefndi, að einhliða samningsákvæði um, að kaupsamningur teljist kominn á eftir tólf daga, sé ósanngjarnt, óheiðarlegt og brjóti gegn góðri viðskiptavenju og skilyrðislaust beri að víkja til hliðar þeim einhliða skilmálum.

Stefndi tekur fram, að í samningnum um heimlán komi ekki fram vörunúmer á teppunum, og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, enda sé ekki unnt að framfylgja kröfum stefnanda um skil á teppum gegn greiðslu stefnda, nema fyrir liggi sönnun um, hver þau teppi séu nákvæmlega.

Þá mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda og bendir á, að stefnandi hafi ekki gefið út reikning á hendur stefnda vegna „kaupa“ á teppunum.

Þá telur stefndi, að kröfugerð stefnanda í málinu sé með þeim hætti, að vísa beri máli þessu frá dómi ex officio. Stefndi bendir á, að krafa stefnanda um greiðslu úr hendi stefnda sé bundin því, að stefnandi afhendi þau teppi, er mál þetta varðar, og telur stefndi kröfuna ekki dómtæka sökum þess skilyrðis, sem sett er fyrir greiðsluskyldu stefnda. Stefndi bendir á, að ógerlegt gæti reynst að gera aðför á grundvelli dóms um greiðsluskyldu stefnda, sem háð væri óuppfylltu skilyrði af hálfu stefnanda.

Stefndi vísar til reglna samningaréttar og kröfuréttar. Þá vísar stefndi til ákvæða laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og ákvæða 3. kafla laga nr. 7/1936 ásamt síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 21. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað styðst við lög nr. 50/1988.

Sigurður Geirsson, forsvarsmaður stefnanda, gaf skýrslu fyrir dóminum svo og stefndi. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Sigurður Sigurðsson verslunarmaður og Hilmar Sigurðsson.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt, að 1. mars 1996 fékk stefndi að láni tvö teppi úr versluninni Persíu, sem er sérverslun með stök teppi og mottur og stefnandi rekur. Af því tilefni undirritaði stefndi sérstakan heimlánsseðil, þar sem fært hefur verið í þar til gerðan reit, að lánstími sé þrír dagar. Á seðli þessum er athugasemd þess efnis, að tólf dögum eftir heimlán séu komin á viðskipti án afsláttar. Þessi athugasemd er prentuð á seðilinn með áberandi hætti. Sú fullyrðing stefnda, að athugasemd þessi hafi verið stimpluð á seðilinn, eftir að hann ritaði nafn sitt á hann, fáir ekki staðist.

Sigurður Geirsson, forsvarismaður stefnanda, hefur borið fyrir dóminum, að hann hafi afhent stefnda umrædd teppi, eftir að stefndi hafði valið þau til heimláns. Hann hafi síðan átt samtál við stefnda símleiðis að kvöldi 12. mars 1996 og óskað þess, að hann gerði upp hug sinn, annaðhvort að kaupa teppin eða skila þeim. Stefndi hafi lofað að ganga frá málinu fyrir 14. s. m. Það hafi stefndi ekki staðið við. Af hálfu stefnanda hafi stefnda verið boðsent bréf, dags. 28. mars, þar sem hann var krafinn um greiðslu, enda hafði teppunum þá ekki verið skilað. Stefndi hafi þá skilað minna teppinu samdægurs, en hinu stærra hafi hann skilað viku síðar. Teppin hafi verið geymd innpökkuð í versluninni, enda hafi viðtöku þeirra verið mótmælt. Stefndi hafi fengið afrit heimlánsseðils, sem hafi fylgt teppunum, þegar þeim var skilað. Venja sé að afhenda frumrit heimlánsseðils við kaup eða skil á munum, sem lánaðir hafi verið heim.

Í framburði vitnisins Sigurðar Sigurðssonar verslunarmanns, sem starfar í umræddri verslun og er sonur forsvarsmanns stefnanda, kom fram hið sama um skilátíma á teppunum.

Hér fyrir dómi hefur stefndi ekki getað bent nákvæmlega á, hvenær hann skilaði teppunum, en viðurkennir að hafa skilað þeim í tvennu lagi. Stefndi telur þó, að hann hafi skilað fyrra teppinu 12. mars og hinu síðara daginn eftir, þar sem hann hafi haft í huga að kaupa hið síðara.

Að mati dómsins hefur stefndi ekki getað sýnt fram á, að aðrir skilmálar hafi gilt um viðskipti aðila en hinir skriflegu skilmálar, sem hann undirritaði. Framburður stefnda hér fyrir dómi er ekki trúverðugur um það atriði, hvenær hann skilaði teppunum, og ekki í samræmi við önnur gögn málsins. Stefnandi þykir hafa sýnt fram á, að umræddum teppum hafi ekki verið skilað fyrir umsaminn tíma.

Samkvæmt hinum skriflegu skilmálum heimlánsseðilsins var lánstíminn þrír dagar. Stefndi hafði þá samkvæmt skilmálum níu daga til að skila teppunum, og auk þess voru honum boðnir tveir dagar til viðbótar til að gera upp hug sinn í símtali við forsvarsmann stefnanda. Með tilliti til þessa er

ekki fallist á með stefnda, að viðskiptahættir stefnanda séu ósanngjarnir og að víkja beri þeim til hliðar, svo sem stefndi heldur fram. Á heimplánsseðlinum eru tilgreind teppin, sem um er deilt í málinu, stærð þeirra og verð. Teppin þessi eru geymd í umræddri verslun og tilbúin til afhendingar, eins og stefndi skilaði þeim.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka kröfu stefnanda til greina í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 75.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Árni Björn Birgisson, greiði stefnanda, Akta ehf., 217.106 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. 3. 1996 til greiðsludags gegn afhendingu stefnanda á teppi af tegundinni Pakistan Bl., 147×233 cm, vörunr. 10061, og teppi af tegundinni Pakistan Bl., 175×249 cm, vörunr. 10060.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. mars 1997.

Stefndi greiði stefnanda 75.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.
